

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. mars 2020 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-77/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 9. desember 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið sem upphaflega var seld af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljandi geri við bifreiðina á eigin kostnað.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 9. janúar 2020, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust ekki til nefndarinnar. Með bréfi, dags. 11. febrúar 2020, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á notaðri bifreið af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 2014, ekin 58.000 km, fyrir 6.850.000 krónur þann 7. október 2017 af einstaklingi að nafni Z. Bifreiðin var upphaflega seld af seljanda sem er umboðsaðili framleiðanda hér á landi.

Í nóvember 2018 bilaði bifreiðin og í ljós kom að hvarfakútur var ónýtur. Varð því að skipta honum út ásamt skynjara en sökum bilunarinnar stóð bifreiðin óhreyfð í um þrjá mánuði. Að sögn álitsbeiðanda var síðar viðurkennt af framleiðanda að um galla væri að ræða en álitsbeiðanda var gert að greiða um helming viðgerðarkostnaðarins eða 307.074 krónur.

Þann 14. júlí 2019 bilaði bifreiðin að nýju en bifreiðinni hafði þá verið ekið um 74.000 km og hefur álitsbeiðandi aðeins ekið bifreiðinni um 16.000 km frá kaupdegi. Bifreiðin var flutt á verkstæði seljanda frá Vopnafirði og greiddi álitsbeiðandi samtals 112.000 krónur fyrir flutninginn samkvæmt gögnum málsins. Bifreiðin hefur verið á verkstæði seljanda frá þeim tíma. Skoðun seljanda hefur leitt í ljós að sveifarás og legur eru ónýtar. Framleiðandi bifreiðarinnar selur sveifarás ekki sem varahlut að sögn seljanda og þarf því að skipta um vél í bifreiðinni. Alls er viðgerðarkostnaður áætlaður um 3.200.000 króna með varahlutum og kostnaði við vinnu á verkstæði samkvæmt upplýsingum frá seljanda. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla og segir óeðlilegt að vönduð bifreið sem hefur verið vel við haldið geti bilað með þessum hætti eftir aðeins um 74.000 km akstur.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi geri við bifreiðina á eigin kostnað eða seljanda verði gert að greiða álitsbeiðanda kaupverð bifreiðarinnar.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreið af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 2014, fyrir 6.850.000 krónur þann 7. október 2017. Bifreiðinni hafði við kaupin verið ekið 58.000 km. Þann 14. júlí árið 2019 bilaði bifreiðin og hefur komið í ljós að sveifarás og legur eru ónýtar. Að sögn seljanda þarf að skipta um vél í bifreiðinni. Bifreiðin hafði áður bilað í nóvember 2018 og stafaði sú bilun af ónýtum hvarfakút sem varð að skipta um. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og krefst þess að seljanda verði gert að gera við bifreiðina á eigin kostnað eða greiða kaupverð bifreiðarinnar til álitsbeiðanda.

Kærunefndin álítur að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við í málinu, en í ákvæðinu er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Íhlutum bifreiða er ætlaður mislangur endingartími, sumir íhlutir slitna við notkun og þá þarf að endurnýja reglulega með eðlilegu viðhaldi. Ýmsir umhverfisþættir og almenn umhirða geta haft áhrif á endingu slíkra íhluta en kvörtunarfrestur vegna galla er í þeim tilfellum að hámarki tvö ár. Hins vegar er hægt að vænta þess að aðrir íhlutir endist mun lengur. Í þeim tilfellum er kvörtunarfrestur að hámarki fimm ár í samræmi við framangreint ákvæði.

Sem fyrr segir kvartaði álitsbeiðandi undan galla við seljanda þegar bifreiðin bilaði þann 14. júlí 2019. Bifreiðin var nýskráð þann 1. júlí 2014 og var hún því fimm ára og 13 daga þegar bilunin kom í ljós. Ekkert hefur komið fram sem sýnir fram á tengsl bilana bifreiðarinnar í nóvember 2018 vegna hvarfakúts og síðar í júlí 2019 vegna sveifaráss. Kvörtun álitsbeiðanda var samkvæmt framangreindu of seint fram komin í skilningi 2. mgr. 27. gr. nkpl. Nefndinni er því ekki annað fært en að hafna kröfu álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson